**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 15/2024** **2024/EES/51/15**

**frá 2. febrúar 2024**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2089 frá 28. september 2023 um að samþykkja hvarfmassa N,N-dídekýl-N-(2-hýdroxýetýl)-N-metýlammóníumprópíónats og N,N-dídekýl-N-(2-(2-hýdroxýetoxý)etýl)-N-metýlammóníum-própíónats og N,N-dídekýl-N-(2-(2-(2-hýdroxýetoxý)etoxý)etýl)-N-metýlammóníumprópíónats sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 4 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ([1])

2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2100 frá 28. september 2023 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir kopar(II)oxíði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ([2]).

3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2101 frá 28. september 2023 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir súlfúrýlflúoríði til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 8 og 18 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ([3]).

4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2377 frá 28. september 2023 um að samþykkja ekki silfurkoparseólít sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 4 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ([4]).

5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2378 frá 28. september 2023 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir alfaklóralósi til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ([5]).

6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2380 frá 28. september 2023 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir basísku koparkarbónati til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ([6]).

7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2386 frá 29. september 2023 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir koparhýdroxíði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ([7]).

8) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

---

([1]) Stjtíð. ESB L 241, 29.9.2023, p. 102.
([2]) Stjtíð. ESB L 241, 29.9.2023, p. 145.
([3]) Stjtíð. ESB L 241, 29.9.2023, p. 147.
([4]) Stjtíð. ESB L, 2023/2377, 3.10.2023.
([5]) Stjtíð. ESB L, 2023/2378, 3.10.2023.
([6]) Stjtíð. ESB L, 2023/2380, 2.10.2023
([7]) Stjtíð. ESB L, 2023/2386, 2.10.2023

*1. gr.*

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 12zzzzzzzzzn (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/471) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12zzzzzzzzzo. **32023 R 2089**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2089 frá 28. september 2023 um að samþykkja hvarfmassa N,N-dídekýl-N-(2-hýdroxýetýl)-N-metýlammóníumprópíónats og N,N-dídekýl-N-(2-(2-hýdroxýetoxý)etýl)-N-metýlammóníumprópíónats og N,N-dídekýl-N-(2-(2-(2-hýdroxýetoxý)etoxý)etýl)-N-metýlammóníumprópíónats sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 4 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 241, 29.9.2023, bls. 102).

12zzzzzzzzzp. **32023 D 2100**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2100 frá 28. september 2023 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir kopar(II)oxíði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 241, 29.9.2023, bls. 145).

12zzzzzzzzzq. **32023 D 2101**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2101 frá 28. september 2023 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir súlfúrýlflúoríði til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 8 og 18 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 241, 29.9.2023, bls. 147),

12zzzzzzzzzr. **32023 D 2377**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2377 frá 28. september 2023 um að samþykkja ekki silfurkoparseólít sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 4 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L, 2023/2377, 3.10.2023).

12zzzzzzzzzs. **32023 D 2378**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2378 frá 28. september 2023 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir alfaklóralósi til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L, 2023/2378, 3.10.2023).

12zzzzzzzzzt. **32023 D 2380**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2380 frá 28. september 2023 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir basísku koparkarbónati til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L, 2023/2380, 2.10.2023).

12zzzzzzzzzu. **32023 D 2386**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2386 frá 29. september 2023 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir koparhýdroxíði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L, 2023/2386, 2.10.2023).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2023/2089 og framkvæmdarákvarðana (ESB) 2023/2100, (ESB) 2023/2101, (ESB) 2023/2377, (ESB) 2023/2378, (ESB) 2023/2380 og (ESB) 2023/2386 sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgildur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. febrúar 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. febrúar 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nicolas von Lingen***

formaður.